

22. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund mánudaginn 20. nóvember 2006 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mættir voru: Katrín Pálsdóttir, Margrét Ebba Ísleifsdóttir, Hreinn Þorkelsson, Dallilja Inga Steinarsdóttir, Vignir Sveinsson og Ingi B Ingason.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrslur forstöðumanna.
Allt við það sama í sundlaug. Bilun kom upp í loftræstikerfi í innilaug , verður hún lokuð í a.m.k. viku.
Frá X-inu fóru tvær stelpur að keppa í ”Stíl” förðunarkeppni. Dagskrá tilbúin fyrir næsta mánuð. Ekki var farið á æskulýðsball í Borgarnesi v. veðurs. Undirbúningur í gangi fyrir forvarnaverkefni í samvinnu við Grundarfjörð og Ólafsvík.
2. Gjaldskrá sundlaugar.
Lögð fram tillaga að nýrri gjaldskrá. Lagt til að barnagjald gildi til 16 ára aldurs. Allir fundarmenn samþykkir.
3. Önnur mál
Fundað hefur verið með ungmennaráði. Ætla að koma einhverju frá sér fyrir jól.
Fjárhagsáætlun lögð fyrir fljótlega v. íþróttahúss, efst á lista eru útdregnir áhorfendapallar, númer tvö útiklefar og svo gufubað

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Katrín Pálsdóttir,
formaður.

Margrét Ebba Ísleifsdóttir
fundarritari.